

# Staðan í skógræktarmálum á Íslandi í dag

Fagráðstefna skógræktar 2009



Jón Geir Pétursson 16. apríl 2009

[jon.geir.petursson@umh.stjr.is](mailto:jon.geir.petursson@umh.stjr.is)

Umhverfisráðuneytið, Skuggasundi 1

# Staða í skógræktarmálum á Íslandi

- Óþarfi að ræða einstök smáatriði við ykkur hér
- Ætla frekar að ræða ýmsa punkta sem geta orðið grundvöllur umræðu síðar á fundinum m.a.:
  - Skógræktarmál almennt
  - Loftslag
  - Skipulagsmál
  - Nýræktun skóga



# Skógrækt

- Yfirstjórн  
skógræktarmála  
fluttist til UMH 2008
- Hjá UMH mikill  
metnaður að halda  
faglega utan um  
skógræktarstarfið í  
samstarfi við stofnanir  
og aðila.
- Tekur tíma að kynnast  
málauflokknum.



# Formleg vinna

- Töluverð fagleg vinna í gangi nú þegar:
  - Hópur undir stjórn skógræktarstjóra vinnur að stefnumótun fyrir skógrækt í landinu.
  - UMH og SLR skipuðu Fagráð í skógrækt og landgræðslu til að vera samráðsvettvangur hagsmunaaðila.
  - Fagráð hefur verið stofnað við RS Mógilsá til að vinna að stefnumótun skógræktarrannsókna með Skógrækt ríkisins.
  - SLR er að setja í gang vinnu við innri skipulagningu landshlutaverkefnanna.



# Skógræktarlög

- UMH er vel meðvitað um vilja skógræktargeirans um endurskoðun löggjafar um skógrækt.
- Núverandi lög (frá 1955) þarfust endurskoðunar af ýmsum orsökum.
- Ekki verið hægt að setja í gang endurskoðun núna í vetur en að því er stefnt.



# 2009, loftslagsárið mikla

- Stefnt að samkomulagi í Kaupmannahöfn í lok ársins sem taki við Kyoto.
- Ekki líkur á samningum nema skógur skipi þar verulegan sess.
  - Hindra skógeyðingu (REDD) til að draga úr losun.
  - Skógstjórn og nýræktun til að auka bindingu.



# Landnýting og skógrækt (LULUCF)

- Skiptir miklu fyrir loftslagsskuldbindingar Íslands:
  1. Nýskógrækt (ekki valkvæð) skv. grein 3.3. í viðauka 16 við Kyoto samninginn
  2. Höfum valið landgræðslu skv. grein 3.4.
  3. Ísland hefur lagt fram tillögu um að endurheimt votlendis verði valkvæð loftslagsaðgerð undir 3.4.



# Heildarlosun Íslands á GHG

GREENHOUSE GAS SOURCE AND SINK CATEGORIES	2006
	CO <sub>2</sub> equivalent (Gg)
1. Energy	2.164,47
2. Industrial Processes	1.341,37
3. Solvent and Other Product Use	9,36
4. Agriculture	511,72
5. Land Use, Land-Use Change and Forestry	1.127,21
6. Waste	207,29
7. Other	NA
<b>Total (including LULUCF)<sup>(5)</sup></b>	<b>5.361,43</b>

# Hluti LULUCF í loftslagsbókhaldi

## SUMMARY 2 SUMMARY REPORT FOR CO<sub>2</sub> EQUIVALENT EMISSIONS

(Sheet 1 of 1)

Inventory 2006


Submission 2008 v1.1

ICELAND

GREENHOUSE GAS SOURCE AND SINK CATEGORIES	CO <sub>2</sub> <sup>(1)</sup>	CH <sub>4</sub>	N <sub>2</sub> O	Total
	CO <sub>2</sub> equivalent (Gg )			
<b>Total (Net Emissions)<sup>(1)</sup></b>	<b>3.827,09</b>	<b>470,95</b>	<b>660,73</b>	<b>5.361,43</b>
<b>5. Land Use, Land-Use Change and Forestry<sup>(1)</sup></b>	<b>792,02</b>	<b>9,45</b>	<b>325,73</b>	<b>1.127,21</b>
A. Forest Land	-133,67	NE,NO	1,28	-132,39
B. Cropland	3,54	NE,NO	NE,NO	3,54
C. Grassland	1.466,59	0,25	0,09	1.466,94
D. Wetlands	9,30	9,20	0,45	18,96
E. Settlements	NE	NE	NE	NE
F. Other Land	NE	NE	NE	NE
G. Other	-553,74	NA,NE,NO	323,90	-229,84
Total CO <sub>2</sub> Equivalent Emissions without Land Use, Land-Use Change and Forestry				4.234,22
Total CO <sub>2</sub> Equivalent Emissions with Land Use, Land-Use Change and Forestry				5.361,43


# Hagfræðingaskýrsla (Brynhildarskýrsla)

- Væntanleg er hagfræðileg greining á þeim aðgerðum sem eru færar til að ná loftslagsskuldbindingum
- Í kjölfar hennar hyggst UMH gangast fyrir gerð aðgerðaáætlunar.
- Þar verða tölur skýrslunnar notaða til að greina möguleika einstakra aðgerða.



# Skógrækt hefur tekið miklum breytingum

- Viðsnúningur frá skógeyðingu til skógræktar tókst hér.
- Um 1990 varð hér viðsnúningur.



# Miklar breytingar í landnotkun

- Frá því um 1990 hefur orðið mikil breyting á landnotkun:
  - Samdráttur í beit
  - Skógrækt
  - Matvaelaland/akuryrkja
  - Landgræðsla
  - Náttúruvernd
  - Frístunda/búgarðabyggð
  - Fólksflutningar
  - Nýir gerendur til sveita með nýjar áherslur/væntingar



# Skipulag skógræktar

- Gagnrýni á skógrækt þarf að skoða í samhengi.
- Innra skipulag vs. ytra skipulag.
- Skipulagsvald hjá sveitarfélögum.
- Landið (dreifbýli) fyrst skipulagsskylt árið 1998
- Enn hafa ekki öll sveitarfélög náð að gera sitt fyrsta aðalskipulag.




# Hvað vill skógræktargeirinn í skipulagsmálum?

- “Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands, haldinn á Ísafirði 15.- 17. ágúst 2008, beinir því til löggjafans og stjórnvalda að staða skógræktarsvæða í grennd við og í þéttbýli verði sérstaklega skilgreind í skipulagslögum sem nú eru í undirbúningi og aðild skógræktarfélaga að skipulagsvinnu verði tryggð í þeim”.
- Eiga skógar/skógræktarsvæði að vera sérstaklega skilgreind sbr. það sem við þekkjum frá nágrannalöndunum?



# Ytra skiplag

- Skógrækt, sem önnur landnotkun verði hluti af landsskipulagi.
- Skógræktarverkefni falli undir umhverfismat áætlana.
- Aðalskipulag - skilgreiningar



# Landsskipulagsáætlun

- – *Úr frumvarpi að nýjum skipulagslögum*
- Umhverfisráðherra leggur fram tillögu til þingsályktunar um landsskipulagsáætlun til tólf ára að afloknum hverjum alþingiskosningum. Landsskipulagsáætlun getur náð til landsins alls, einstakra landshluta og efnahagslögsögunnar.


Í landsskipulagsáætlun er mörkuð stefna stjórnvalda í skipulagsmálum sem varða almannahagsmuni og getur hún tekið á öllum þáttum skipulags sem þarf til að ná því markmiði. Í landsskipulagsáætlun er stefna stjórnvalda um sjálfbæra þróun útfærð með tilliti til landnotkunar og eftir þörfum samræmd stefna opinberra aðila um landnotkun með tilliti til efnahagslegra, félagslegra og umhverfislegra sjónarmiða.

Til grundvallar landsskipulagsáætlun skal leggja markmið laga þessara og stefnu stjórnvalda um sjálfbæra þróun. Jafnframt skal hafa til hliðsjónar eftir því sem við á fyrirliggjandi áætlanir opinberra aðila í einstökum málauflokkum sem varða landnotkun og svæðis- og aðalskipulagsáætlanir sveitarfélaga.

Endurskoða skal landsskipulagsáætlun á fjögurra ára fresti.


Landsskipulagsáætlun sem felur í sér stefnu um landnotkun er bindandi við gerð skipulags samkvæmt lögum þessum og skulu sveitarfélög endurskoða staðfest skipulag sitt í samræmi við áætlunina við næstu endurskoðun aðalskipulags sveitarfélagsins en þó eigi síðar en innan fjögurra ára frá samþykkt hennar.

# Innra skipulag – tengist því ytra



# Skógrækt og skipulag

- Vilji UMH að leita leiða í gegnum skipulag til að tryggja að skógrækt rekist ekki á aðra landnotkun og öfugt
- Fagráð skógræktar og landgræðslu er mikilvægt í því samhengi.
- Væntingar til landsskipulags sem vettvangs fyrir slíka vinnu.
- Skógræktarverkefni falla væntanlega undir lög um umhverfismat áætlana.



# Hvernig fáum við skóg í landið

- Í nánast skóglausu landi er þetta lykilspurning.
- Mismunandi tæki:
  - Lagaleg
  - Efnahagsleg
  - Leiðbeinandi/fræðandi
  - Friðun




# Núverandi leiðir til nýskógræktar

- Styrkt af ríkinu:
  - Landshlutaverkefni (5)
  - Landgræðsluskógar
  - Hekluskógar
  - Landgræðsla og Skógrækt ríkisins sjálfar
- Önnur verkefni:
  - á vegum sveitarfélaga
  - á vegum skógræktarfélaga
  - á vegum  
samtaka/einstaklinga



# Er ástæða til að skoða hvað er verið að gera?

- Já, stuðningsverkefni ríkisins þurfa að taka mið af þjóðfélagsbreytingum/áherslum
- Já, það hefur ekki tekist að auka nýskógrækt nægjanlega undanfarin 15 ár.



# Hvernig er þetta í öðrum löndum

- Samanburður við önnur nýskógræktarlönd gagnlegur.
- Írland, Skotland og Nýja Sjáland eru að mörgu leyti ágætar fyrirmynndir.



# Dæmi: Írland

- **Stuðningur við skógrækt á Írlandi**

- |   |  |
|---|--|
| 1) <u>Afforestation Scheme</u>                        | 1) Nýskógrækt  |
| 2) <u>Forest Environment Protection Scheme (FEPS)</u> | 2) Nýskógrækt - umhverfisþjónusta  |
| 3) Forest Road Scheme                                 | 3) Skógarvegir   |
| 4) <u>Native Woodland Scheme</u>                      | 4) Náttúruskógar <ul style="list-style-type: none"><li>1) Element 1: Ræktun eldri skóga</li><li>2) Element 2: Ræktun nýrra</li></ul>                               |
| 5) <u>Neighbour Wood Scheme</u>                       | 5) Útvistarskógrækt <ul style="list-style-type: none"><li>1) Element 1: Viðhald/ræktun</li><li>2) Element 2: Ræktun nýrra</li><li>3) Element 3: Innviðir</li></ul> |
| 6) Reconstitution of Woodlands Scheme                 | 6) Bjargráð (ss til að bæta tjón)  |
| 7) Wood Biomass Harvesting Machinery Grant Scheme     | 7) Iðnviður  |
| 8) Shaping of Broadleaves                             | 8) Skógrækt til að bæta viðargæði lauftré  |
| 9) Woodland Improvement Scheme (old woodland)         | 9) Ma að berjast gegn lyngrósum  |
| 10) High Pruning of Conifers                          | 10) Uppkvistun til að bæta viðargæði   |

# Nýræktun á Írlandi

- Styrkjafyrirkomulag er m.a.:
  - Skipt í sk. “grant” og síðan árlega “premium”.
  - GRANT:
    - Styrkur greiddur pr. hektara
    - Landeigandi fær greitt 75% af plöntunarkostnaði eftir gróðursetningu.
    - Síðan 25% eftir úttekt á 4 ári þar sem sýnt er framá að skógur sé að vaxa á staðnum.
    - Greitt samkvæmd reikningi en með ákveðnu hámarki.
  - PREMIUM:
    - Greitt árlega til landeiganda. Hærra og greitt lengur (20 ár) til þeirra sem flokkast bændur

# Nýræktun

- Það sem írska skógstjórnin sér við þetta kerfi er m.a.:
  - Skilið er á milli skógræktarkostnaðar og þess sem flokka má sem byggðastuðning (grant og premium). Þá vita menn hvað hlutirnir kosta, skógræktin á að vera eins ódýr og hægt er til að fá sem mestan skóg fyrir peningana en síðan er byggðahlutverk verkefnisins viðurkennt með umsaminni premium greiðslu árlega.
  - Byggðagreiðslurnar eru flokkaðar eftir landeigendum þ.e. þá sem búa á jörðinni og framleiða eitthvað og svo hina sem það gera ekki. Í 20 ár.
  - Með því að greiða 25% styrksins út á fjórða ári er innbyggt úttektarkerfi/gæðaeftirlit í verkefninu. Landeigandi er að fá greitt fyrir árangur sem hann þarf að sýna framá pr. flatareiningu.
  - Styrkjakerfið gefur færi á að hvetja til ákveðinnar gerðar að skógrækt eftir því sem vilji stendur til með mis háum greiðslum.

# Framþróun

- Ástæða þess að ég velti þessu upp hér er meðal annars það að það eru blikur á lofti í efnahagsmálum eins og allir þekkja.
- Ekki útlit fyrir að fjárlög amk. næstu 2-3 ára muni gefa færri á mikilli aukningu framkvæmda.
- Kannski lag að skoða innviði þeirra skógræktarkerfa sem hafa verið byggð hér upp undanfarið, til að vera betur í stakk búin fyrir sókn og framþróun.



# Mikilvægi skógræktar

- Skógrækt gegnir mikilvægu hlutverki í samféluginu. Bæði er það skógarauðlindin sjálf og uppbygging hennar, en einnig er gríðarlegur félagsauður í skógræktarhreyfingunni sem veitir stórum hluta þjóðarinnar lífsfyllingu.
- Á næstunni held ég að skógargeirinn þurfi að standa klár á eftirfarandi:
  - Raunhæfum möguleikum skógræktar sem sjálfbærrar atvinnugreinar.
  - Möguleikum skógræktar sem loftslagsaðgerðar.
  - Hleypa styrkari stoðum undir markvisst rannsókna og þekkingarstarf á Mógilsá.
  - Áframhaldandi uppbyggingu og móttöku gesta í skóglendi landsins til útivistar og ferðamennsku.
  - Skilja betur hvernig skógar veita samféluginu margvíslega, verðmæta þjónustu (ecosystem services) ss. í formi útivistar, loftgæða, kolefnisbindingar, vatnsmiðlunar, jarðvegsverndar, skýlingar og yndis, til viðbótar hugsanlegum efnislegum gæðum.

# Takk fyrir

